

Fundargerð 141. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 21. mars 2023

Fundartími: Flóaskóli: 16:00 – 17:00

Sameiginleg málefni 17:00 – 17:15

Krakkaborg: 17:15 – 18:00

Kjörnir fulltrúar: 18:00 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, vara formaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Sævar Örn Sigurvinsson, Varamaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Sigrún Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Benidikt Karl Gröndal, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Flóaskóli:

Skólustjóri fer yfir helstu fréttir af skólastarfinu:

Janúar og febrúar hafa einkennst af leiðindaveðri og erfiðri færð. Mikill snjór var á skólalóðinni sem gerði erfitt með að nýta leiktæki en því meira var unnið við byggingu snjöhúsa af mismunandi stærð og gerð.

Árshátíð nemenda á eldra stigi var 8. febrúar þar sem sýnt var leikritið Ekki aukatekið morð í leikstjórn Sindra Mjölris Magnússonar og er hann jafnframt höfundur leikritsins. Markmiðið var að virkja sem flesta og höfðu nemendur mismunandi hlutverk fyrir utan það að leika s.s. sviðsmynd, búningar, ljós og hljóð.

9. og 10. febrúar voru starfsdagar og foreldraviðtöl. Í framhaldi af því var vetrarfrí í tvo daga, 13. Og 14. Febrúar..

Suðurlandsmót grunnskóla í skák fór fram á Flúðum 17. Febrúar. 24 nemendur frá Flóaskóla tóku þátt í mótinu.

Foreldravika var dagana 20. – 24. Febrúar með fjölbreyttri dagskrá og ánægjulegt hvað margir sáu sér fært að koma í heimsókn og kynna sér skólastarfið. Á dagskrá var m.a.

- Gunni og Felix með leikþáttinn Ein stór fjölskylda á vegum List fyrir alla
- Spilavinir komu með kynningu í boði foreldrafélagsins
- Öskudagur með tilheyrandi hátíðahöld og allir í búningum
- Opið hús - kaffihús hjá 10. bekk og fjölbreytt verkefni til sýnis
- Rýnihópur nemenda og foreldra þar sem farið var yfir skólareglur og ræddar tillögur að breytingum

7. bekkur fór í skólabúðir á Reykjum í lok febrúar. Ferðin gekk vel en nokkuð var um veikindi nemenda á meðan og eftir að heim var komið.

Áætlun fyrir næsta skólaár staða mála hvað varðar starfsmannamál og nemendafjölda.

Starfmannaviðtöl ganga vel og verður ekki mikið um breytingar en meta verður fjölda stöðugilda þegar nær dregur hausti. Nemenda fjöldi verður 105 næsta haust.

Gott væri að hafa upplýsingatækni kennara og tónmennta kennara á næsta skólaári.

Umræða um hvort deidarstjóri eða teymisstjóri væri hentugra form fyrir minni skóla eins og okkar í stað aðstoðarskólustjóra, vegna sveigjanleika í kennsluskyldu. Nú þegar hefur aðstoðaskólustjóri sinnt starfi tengiliðar stoðþjónustu og það gæti þurft að endurmeta.

Skólapúls,niðurstöður foreldrakönnunar

Skólastjóri fer yfir niðurstöður skólapúls og fóru fram umræður um þær. Almennt séð er ánægja foreldra og upplifun þeirra mjög jákvæð gagnvart skólanum, náminu og stjórnun skólans.

Skólaakstur

Mál sem er í vinnslu og skólastjóri hefur sent upplýsingar til sveitastjóra varðandi þennan lið. Fræðslunefnd ítrekar að reyna eins og kostur er að stytta leiðir og tíma í skólabílum.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Sameiginlegt:

Skóladagatöl, þ.m.t. sumarlokun leikskólans

Stjórnendur skólanna beggja bera saman bækur sínar og reyna eftir framsta megni að samræma skóladagatölin. Skóladagatöl varða afgreidd á næsta fundi fræðslunefndar.

Leikskólastjóri leggur til að sumarlokun leikskóla 2023 verður 6. Júlí til 10. ágúst á fimmtudagi eftir verslunarmannahelgi og var þetta ákveðið í samráði við foreldra. Fræðslunefnd gerir engar athugasemdir.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Krakkaborg:

Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt

Leikskólastjóri fer stuttlega yfir það helsta í fréttum, meðal annars að í Krakkaborg eru 36 nemendur og því hlutfall milli starfsfólks og nemenda mjög góð en einnig hafa þrír einstaklingar sótt um starf í þessum mánuði.

Umræður spunnust upp um að fullnýta mætti leikskólann og þau pláss sem í boði eru.

Viðbragðsáætlun vegna veðurs

Leikskólastjóri kynnir fyrir Fræðslunefnd viðbragðsáætlun sem hún hefur útbúið fyrir Krakkaborg og er hún samþykkt.

Dvalarsamningar og gjaldskrá endurskoðun

Smá breytingar á dvalarsamningi, dvalartími frá kl.13.00 er tekin út og sektar ákvæði leiðrétt. Lágmarks vistunartími verði fjórir samfelldir dagar mánudagar til fimmtudagar eða þriðjudagar til föstudagar og fjórir tímar í senn. Þetta var samþykkt af hálfu fræðslunefndar.

Nýjar hugmyndir á gjaldskrá ræddar.

Vilji er fyrir því að skoða systkina afslátt og að systkynaafsláttur gildi á milli skólastiga.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Kjörnir fulltrúar:

Ráðningarferli skólastjóra Flóaskóla

Fræðslunefnd ræðir um ráðningarferli skólastjóra Flóaskóla og aðkomu nefndarinnar að ráðningu, auglýsingu um starfið og áherslur. Formanni nefndarinnar falið að ræða umfjöllun nefndarinnar við sveitastjóra.

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Flóahreppi

Lagt fram til kynningar.

Erindisbréf fræðslunefndar

Lagt fram til kynningar og tekið fyrir á næsta fundi.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18.54